

Dómsorð:

Stefndi Kristján Gíslason, Svalbarða, Vestmannaeyjum, greiði stefnanda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, kr. 120.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 30. apríl 1968, kr. 170.00 í afsagnarkostnað og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Húni h/f, Björn Pálsson og Hákon Magnússon skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sparisjóðs Hafnarfjarðar, í máli þessu.

Mánudaginn 24. febrúar 1969.

Nr. 228/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Sveini Jónassyni

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa vitni staðfest vætti sín fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sveinn Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostn-

að sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 23. september 1968.

Mál þetta hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 30. október 1967, á hendur Sveini Jónassyni sjómanni, Banda-gerði 2, Akureyri, fyrir að aka miðvikudaginn 5. júlí 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 1468 heiman að frá sér að húsi Útgerðarfélagis Akureyringa á Akureyri.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 15. maí 1924 að Lynghóli, Glæsi-bæjarhreppi, og hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1943 23/11 á Akureyri: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1947 31/7 á Akureyri: Dómur: 10 daga varðhald og sviptur ökuréttindum í 3 mánuði fyrir brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum, áfengislögum og lögreglusamþykkt Akureyrar.
- 1948 18/5 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
- 1952 12/2 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1955 26/5 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1957 14/2 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1967 30/1 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 5. júlí 1967, kl. 1320, var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um, að ákærði hefði verið að koma að húsi Út-

gerðarfélags Akureyringa og væri hann ölvaður. Lögreglumenn fóru þegar á staðinn og handtóku ákærða, sem þá var inni á skrifstofu Útgerðarfélags Akureyringa.

Bifreið ákærða, A 1468, stóð úti fyrir húsinu, og var vél hennar í gangi.

Tekið var blóðsýnishorn úr ákærða, sem við rannsókn reyndist innihalda 1.93‰ alkóhóls.

Vitnið Halldór Jónsson verkamaður skýrði svo frá: Vitnið kvaðst hafa verið statt fyrir utan við frystihús Ú. A. rétt eftir kl. 1300 greindan dag og þá séð bifreiðina A 1468, þar sem henni var ekið fram hjá vitninu, sem stóð nyrzt við húsið, en bifreiðin var síðan stöðvuð syðst við húsið.

Vitnið kvaðst hafa séð, að ökumaður var ákærði, og þótti vitninu hann undarlegur við stýrið, en hann var hálf stjafur og lá hálfgerft fram á stýrið. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða fara út úr bifreiðinni og ganga inn á skrifstofu Ú. A., sem eru syðst í húsinu. Vitnið kvað ákærða hafa verið greinilega mjög ölvaðan og reikað í spori. Vitnið kvað lögregluna hafa komið skömmu síðar og handtekið ákærða.

Vitnið Gunnar Björnsson Aspar verkamaður kvaðst hafa komið út úr frystihúsi Ú. A. í greint sinn, og stóð þá bifreið ákærða framan við dyr þær, er vitnið kom út um, og var hún í gangi, og sat ákærði undir stýri. Ákærði fór síðan út úr bifreiðinni þarna, og virtist vitninu hann nokkuð ölvaður. Vitnið kvað ákærða hafa reikað í spori, er hann gekk frá bifreiðinni og upp tröppurnar inn í húsið.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða aka að húsinu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta víns, þar sem hann sat í bifreiðinni.

Vitnið Bjarni Baldursson verkamaður kvaðst hafa verið statt við nyrztu dyr frystihúss Ú. A. í greint sinn og séð bifreiðina A 1468 koma að frystihúsinu áleiðis frá Slippnum. Bifreiðinni var ekið rétt fram hjá vitninu og að syðstu dyrum hússins, þar sem hún var stöðvuð. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða við stjórn bifreiðarinnar, er hann ók fram hjá því. Vitnið sagði, að því hefði strax fundizt ákærði vera ölvaður, þegar það kom auga á hann við aksturinn. Vitnið kvað ákærða hafa „sikkisakkað“ á götunni. Þegar ákærði ók fram hjá vitninu, sá vitnið, að hann hallaðist óeðlilega mikið fram á stýrið. Vitnið kvað ákærða hafa farið út úr bifreiðinni, er hann hafði stöðvað hana, og sá vitnið, að hann

var greinilega ölvaður, þar sem hann slagaði, er hann gekk frá bifreiðinni.

Vitnið Guðmundur Ingi Gestsson skýrði svo frá við yfirheyrzlu hjá lögreglunni: Það kvaðst hafa verið statt úti fyrir vélasal frystihúss Ú. A. laust eftir hádegi greindan dag ásamt nokkrum starfsmönnum frystihússins, er það veitti athygli jeppabifreiðinni A 1468, sem þá stóð fyrir framan skrifstofudyr Ú. A. og sneri til suðurs. Það kvað einn mann hafa verið í bifreiðinni, undir stýri, sem síðan opnaði hurðina og steig út úr bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa þekkt, að það var ákærði. Vitnið kvað ákærða síðan hafa gengið frá bifreiðinni og inn í húsið og slangrað til, er hann gekk frá bifreiðinni. Vitninu virtist hann greinilega ölvaður eftir göngulagi hans að dæma.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni A 1468 í greint sinn heiman að frá sér og beina leið að Útgerðarfélagshúsinu, þar sem hann stanzaði og tók vínflösku og teygagi úr henni og gekk síðan upp á skrifstofu Ú. A., en þar kom lögreglan og handtók hann.

Ákærði kvaðst hafa skilið bifreiðina eftir í gangi, vegna þess að startræsir væri bilaður, og kvaðst hann hafa ætlað að fá einhvern til að aka bifreiðinni fyrir sig. Ákærði neitaði að hafa neytt víns, fyrr en að framan greinir, en þá hafa drukkið upp undir hálfa flösku þarna í einum teyg, en ákærði kvað venju sína að drekka þannig. Ákærði kvaðst hafa verið við drykkju nóttina áður og verið tímbraður við aksturinn.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir brot ákærða nægilega sannað, eins og því er í ákæru lýst, og varðar það við þar greind lagaákvæði, sbr. nú lög nr. 40/1968, og samkvæmt þar töldum refsíákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Með vísun til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengis-laga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Jónasson, sæti varðhaldi í 15 daga. Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.